

Nd.

54. Frumvarp til laga

[54. mál]

um breyting á hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967.

Flm.: Guðlaugur Gislason.

1. gr.

Á eftir orðunum „þurrkvíar, kranar“ í síðustu málsgrein 4. gr. laganna komi framkvæmdir til varnar mengun sjávar í höfnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mengun sjávar er vaxandi vandamál víða um heim. Má vera, að Íslendingar séu eitthvað betur settir í þessum efnum en sumar þjóðir aðrar. Þó er mengun sjávar í mörgum eða ef til vill flestum höfnum landsins mjög áberandi. Stafar þetta af því, að frárennsli frá fiskvinnslustöðvum og fiskimjölsverksmiðjum er mjög víða veitt út í hafnirnar, auk þess sem víða hagar svo til, að frárennsli, sem fer í gegnum hol-ræsakerfi viðkomandi byggðarlaga, er að mestu eða öllu leyti látið renna í höfnina. Veldur þetta víða óhóflegri og óviðunandi mengun sjávar í höfnum landsins.

Í flestum höfnum á sér stað löndun þess fisks, sem lagður er á land til vinnslu, og þá einnig afskipun þeirra afurða, sem úr aflanum eru unnar. Og þegar þess er gætt, að margar þær þjóðir, sem kaupa sjávarafurðir okkar, eru í vaxandi mæli að herða allar kröfur um aukið hreinlæti í sambandi við framleiðslu matvæla, sem þær leyfa innflutning á, er alveg augljóst, að ráða verður bót á því máli, sem hér um ræðir, enda sjálfsagt, að Íslendingar geri ráðstafanir til að firra sig öllum hugsanlegum aðfinnslum í sambandi við þessa helztu útflutningsframleiðslu sína. Sums staðar kunna framkvæmdir til varnar mengun sjávar í höfnum að vera litlum vandkvæðum bundnar, en annars staðar getur orðið um allfjárfrekar framkvæmdir að ræða. Telur flm. eðlilegt, að slíkar framkvæmdir sem hér um ræðir verði teknar inn í þann kafla hafnalaganna, þar sem tilgreindar eru þær framkvæmdir, sem styrkhæfar skuli teljast úr ríkissjóði.